



Umhverfisstofnun  
Svið umhverfisgæða  
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík

Stykkishólmi 22. ágúst 2024

## Efni: Beiðni um álit Breiðafjarðarnefndar vegna skipsins Blíðu sem sökk á Breiðafirði

Í bréfi, dags. 2.8.2024, óskar Umhverfisstofnun eftir afstöðu og álit Breiðafjarðarnefndar vegna skipsins Blíðu, sem sökk á Breiðafirði árið 2019. Eftir að hafa farið yfir gögnin sem Umhverfisstofnun sendi með beiðninni gerir Breiðafjarðarnefnd eftirfarandi athugasemdir:

Í umsögn Breiðafjarðarnefndar frá ágúst 2022 kom fram það álit hennar að fullvíst verði að mengunarefni séu varanlega farin úr skipflakinu ef skipinu verður leyft að brotna niður á hafbotni. Norska fyrirtæki DVN hefur bent á að magn mengunarefna sem líklega finnst í flaki Blíðu, eins og t.d. asbest, ósoneyðandi efni, tinsambönd, kopar, blý, kvikasilfur, krómsambönd, kadmíum og brómeruð eldvarnarefni, sé væntanlega lítið og ólíklegt að efnin hafi mælanleg áhrif á lífríki á staðnum.

Breiðafjarðarnefnd er sammála álit Hafrannsóknastofnunar um að magn olíu sé helsti óvissuþátturinn hvað varðar hættu fyrir umhverfið af völdum flaksins. Hafrannsóknastofnun telur að ef lítil sem engin olía finnst í skipflakinu séu litlar líkur á alvarlegum afleiðingum á hrygningarslóð þorsks eða á aðrar lífverur á svæðinu verði flakið látið ósnert. Að mati Hafrannsóknastofnunar er þess vegna grundvallarforsenda þess að flakið fái að hvíla áfram á hafsbotni að lítil sem engin olía sé í því. Breiðafjarðarnefnd tekur heils hugar undir það álit Hafrannsóknastofnunar.

Breiðafjarðarnefnd leggur til að kannað verði hversu mikil olía er eftir í Blíðu áður en framtíð flaksins verður ákveðin. Við þá könnun væri æskilegt að skoða jafnframt hvort enn séu tvær rafhlöður í vélarrými skipsins. Í eldri gögnum vegna málsins kom fram grunur um það. Ef þær finnst þar væri mögulega hægt að fjarlægja þær í leiðinni til að koma í veg fyrir mengun frá þeim.

Það er álit Breiðafjarðarnefndar að það þurfi að fullvissa sig um að magn olíu í skipflakinu sé lítið áður en skipinu verður leyft að brotna niður á hafsbotni Breiðafjarðar.

Virðingarfyllt,

Fh. Breiðafjarðarnefndar

Erla Friðriksdóttir, formaður